Náms- og kennsluáætlun



Skólaárið 2025-2026

Tímabil:	**Bekkur: 1.bekkur**	**Námsgrein: íslenska**	**Kennari: Katrín Hrefna**	**Tímafjöldi**:7

Námsgögn:	**Námsgögn:**

Lykilhæfni:
Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- tjáning og miðlun
- skapandi og gagnrýnin hugsun
- sjálfstæði og samvinna
- nýting miðla og upplýsinga
- ábyrgð og mat á eigin námi

Grunnþættir:
Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.* Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- *Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.*
- *Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.*
- *Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.*

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi; ● þjálfist í að tala skýrt ● geti lesið áheyrilega ● geti skapað og endursagt texta ● geti svarað munnlega spurningum úr texta ● geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð, söngva og greint frá upplifun sinni ● geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi	Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem reyna á skilning, samvinnu, einstaklingsvinnu, gagnrýna hugsun, þar sem reynt er að höfða til hvers og eins. Eftir innlögn kennara vinna nemendur sjálfstætt eða í hópum að verkefnum sínum.	Munnleg og verkleg verkefni. Próf, kannanir og skimanir af ýmsu tagi. Þátttaka í samræðum, tjáning og virkni. Einstaklings- og hópverkefni. Sjálfsmat. Símat.
Lestur og bókmenntir	Nemandi; ● þjálfist í að lesa skýrt og liðlega ● geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir ● geti lesið sér til gagns og gamans ● þekki vísur og ljóð. ● kynnist íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum ● þjálfist í að fá bækur lánaðar á bókasafninu ● auki orðaforða, mál- og lesskilning ● geti endursagt lesinn texta yfir hópinn	Stuðst er við hljóðaðferðina.	Munnleg, verkleg, skrifleg og myndræn verkefni. Próf, kannanir og skimanir af ýmsu tagi. Vinnubækur og verkmöppur. Einstaklings- og hópverkefni. Símat.

Ritun/Skrift	Nemandi; ● geti dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega ● geti samið einfaldan texta svo sem sögu eða frásögn ● geti beitt einföldum stafsetningarreglum		símat
Málfræði	Nemandi; ● kynnist einföldum stafsetningareglum ● geti þekkt mun á sérhljóðum og samhljóðum ● kynnist sérnöfnum og samnöfnum ● kynnist samheiti og andheiti ● æfist í að nota stóran og lítinn staf á réttan hátt ● kynnist nafnorðum	Innlögn, umræður, einstaklingsvinna og hópavinna.	Símat

ANNARÁÆTLUNr				
Tímabil	**Viðfangsefni**	**Námsefni**	**Dagsetning mats**	**Annað**

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.